

29.300 frá 31. júlí 1973, af kr. 33.675 frá 31. ágúst 1973, af kr. 38.160 frá 30. september 1973, af kr. 42.937 frá 31. október 1973, af kr. 47.715 frá 30. nóvember 1973, af kr. 51.500 frá 31. desember 1973, af kr. 54.066 frá 1. janúar 1974, af kr. 56.632 frá 28. febrúar 1974, af kr. 59.198 frá 31. mars 1974, af kr. 61.923 frá 30. apríl 1974, með 13.5% ársvöxtum af sömu upphæð frá 15. maí 1974 og af kr. 63.650 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 1. júní 1978.

Nr. 182/1975. **Ragnar Vigfússon**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Álftafelli h/f

(Hákon Árnason hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. desember 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.647.789 krónur með 12% ársvöxtum frá 4. mars 1972 til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 21. apríl 1976.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en til vara, að kröfur áfrýj-

anda verði lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, 160.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Ragnars Vigfússonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 160.000 krónur.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 20. mars 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 13. mars sl., hefur Ragnar Vigfússon, Lögbergsgötu 9, Akureyri, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 3. janúar 1974, gegn Álfafelli h/f, Stöðvarfirði, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 1.410.755 með 12% ársvöxtum frá 4. mars 1972 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu svo og gegn Vátryggingarskrifstofu Sigfúsar Sighvatssonar h/f til réttargæslu.

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður stefnanda þá dómkröfu, að stefndi, Álfafell h/f, verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 1.647.789 með 12% ársvöxtum frá 4. mars 1972 til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Lögmaður stefnda samþykkti, að stefnandi fengi komið að hækkan á dómkröfu sinni og vaxtakröfu án framhaldsstefnu.

Stefndi, Álfafell h/f, gerir þær dómkröfur að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður stefnda þá kröfu aðallega, að stefndi, Álfafell h/f, verði sýknaður af öllum kröf-

um stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara var krafist verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda og málskostnaður verði látinn falla niður.

Af hálfu réttargæslustefnda, Vátryggingarskrifstofu Sigfúsar Sighvatssonar h/f, eru engar kröfur gerðar, enda eru sjálfstæðar kröfur ekki gerðar á hendur réttargæslustefnda.

Leitast hefur verið við að setta mál þetta, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að hinn 4. mars 1972 varð slys um borð í m/s Álftafelli, SU 101, eign stefnda, Álftafells h/f. Á þessum tíma voru stundaðar loðnuveiðar á skipinu. Um morguninn mun hafa verið unnið við að snurpa nótina á línuspili, sem stefnandi stjórnaði, en það var starf hans að stjórna spilinu. Stefnandi mun hafa verið að hagræða tóginu á koppnum með hægri hendi, og lenti hönd stefnanda í spilinu. Skipstjóri var í brúnni, þá er slysið varð, en í brúnni eru líka stjórnþæki spilsins, og mun skipstjórinn hafa kúplað samstundis frá. Stefnandi var losaður úr spilinu, og var strax haft samband við lækni í landi og haldið með stefnanda til Vestmannaeyja. Kom í ljós, að stefnandi hafði hlotið mikil meiðsl, og er mál þetta höfðað til greiðslu skaðabóta til stefnanda vegna slyss þessa.

Vegna slyss þessa fóru fram sjópróf í Vestmannaeyjum 4. mars 1972. Þar fyrir dómi mætti Jens Albertsson, skipstjóri á m/b Álftafelli. Skipstjórinn hafði meðferðis dagbók m/b Álftafells, og var þar svohljóðandi bókað um slysið:

„4/3. Staður kl. 10.00 15 sjómílar N.N. frá Vestmannaeyjum, veður A.N.A. 2—3 sjólitíð. Kastað um kl. 10.15. Þegar búið var að snurpa nótina um 1/4, festist hásetinn Ragnar Vigfússon í línuvindu, en hann var við stjórnventilinn að spilinu, en geilin er dregin á því. Var hann að hagræða tóginu á koppnum með hægri hendi, og greip spilið í höndina. Kúplað samstundis sundur í brú, en þar er spilinu kúplað út og inn, mun hann samt hafa lent um 3/4 úr hring. Var hann losaður strax úr spilinu og hlúð að honum með teppum. Strax var haft samband við lækni í gegnum Vestmannaeyjaradíó, taldi hann rétt að færa hann inn. Tveir aðrir menn voru við spilið, annar dró að og hinn hringaði niður tógið, komnir á landleið kl. 10.45, komnir í land kl. 12.25.“

Skipstjórinn bar fyrir dómi, að þegar slysið varð, hafi hann verið staddur í stýrishúsi á m/b Álftafelli. Stefnandi hafi verið við spilið og stjórnað því, en hann hafi verið við það verk síðan í vor. Verið var að snurpa, og fór stefnandi með hægri höndina á spilið og virtist vera að hagræða tóginu, og sá skipstjórinn, að

hönd stefnanda varð undir tóginu, og greip það höndina og snerist með spilinu ca 3/4 úr hring, en skipstjórinn kúplaði strax frá spilinu. Skipstjórinn sagði, að þegar slysið varð, hafi hann verið með höndina á stjórnþæki spilsins í brúnni og hafi því getað kúplað frá, samstundis er slysið varð. Nærstaddir menn á dekkinu hafi strax hlaupið til og losað stefnanda úr spilinu og þá hafi komið í ljós, að höndin var brotin og úr lið við olnboga. Hafi strax verið haft samband við land og síðan haldið áleiðis til Vestmannaeyja. Skipstjórinn tók fram, að spilið hefði ekki stöðvast strax, um leið og hann kúplaði frá, og stafi það af því, að nokkra stund taki fyrir þrýstinginn á dælunum að eyðast úr.

Hér fyrir dómi bar skipstjórinn, að hann muni ekki betur en allt hafi verið í lagi með tógið, þá er stefnandi varð fyrir slysi því, sem mál þetta er af risið. Ekki sagðist hann muna eftir því, að skipt hafi verið um tóg, þá er skipið kom til Vestmannaeyja eftir slysið. Skipstjórinn minntist þess ekki að hafa heyrt skipverja tala um, að tógið væri í ólagi.

Skipstjóranum var kynnt það, sem fram kom í yfirheyrslu málsins fyrir aukadómpingi Norður-Múlasýslu 10. september sl., sbr. dskj. nr. 14, svo og í yfirheyrslu í málinu hér fyrir dómi 12. sept. sl. um, að skipt hafi verið um tóg strax eftir slysið. Skipstjórinn kvaðst samt ekki muna eftir, að það hafi verið gert, en sagðist ekki taka fyrir það. Kristján Ólafsson hafi verið II. stýrimaður á skipinu og hafi hann talið tógið vera í ólagi. Þá hafi það ekki síður verið í verkahring hans en skipstjórans að sjá til þess, að skipt væri um tóg.

Skipstjórinn sagði, að hann teldi eðlilegt, sé verið að hagræða tógi til að koma í veg fyrir að það törnist, þá sé hraði spilsins minnkaður. Að áliti skipstjórans sé það í verkahring þess, sem dregur af spilinu, að hagræða tóginu, ef þörf krefur, en varhuga-vert sé, að sá, sem stjórnar spilinu, geri það.

Skipstjórinn taldi, að stefnandi hafi verið búinn að vera á skipinu á að giska 8 mánuði áður en hann varð fyrir slysinu. Skipstjórinn hafi treyst stefnanda til að vinna það starf, sem hann var við, þá er hann slasaðist. Almennt hafi hann ekkert haft út á vinnubrögð stefnanda að setja. Langt sé um liðið, og þorði skipstjórinn ekki að segja neitt um það, hvort stefnanda hafi verið leiðbeint eða ekki um það, að varhugavert væri fyrir þann, sem stjórnaði spilinu, að hagræða tóginu. Skipstjórinn taldi, að hann muni hafa leiðbeint stefnanda, þá er hann byrjaði að vinna á skipinu.

Gunnar Árnason stýrimaður bar við sjóprófið í Vestmannaeyjum, að þegar slysið varð, hafi hann verið við aðalspilið, stefnandi verið við línuspilið. Verið var að snurpa og hafi stefnandi ætlað að hagræða kílnum og koma í veg fyrir, að törnaðist. Hafi hann þá orðið með höndina á milli og hún snúist á að giska einn hring með spilinu. Jafnskjótt sem stefnandi lenti í spilinu, hafi verið kúplað frá í brúnni og spilið stöðvast svo að segja samstundis. Stýrimaður og þeir aðrir, sem nærstaddir hafi verið, hafi hlaupið strax til og losað stefnanda úr spilinu og hafi fyrst þurft að snúa því til baka um einn hring til að losa höndina. Stýrimaðurinn sagði, að ekkert athugavert hafi verið við útbúnað línuspilsins eða aðstöðu við það.

Eðvald Jóhannsson háseti bar við sjóprófið, að þegar slysið varð, hafi hann verið að draga af spilinu, en stefnandi hafi verið við stjórntventilinn. Hafi stefnandi ætlað að hagræða á spilinu, en orðið á milli með höndina og snúist með spilinu, en um leið og slysið varð, hafi verið kúplað frá uppi í brú og spilið stöðvast fljótlega. Eðvald sagðist hafa hlaupið til og bakkað spilinu og hafi hönd stefnanda verið losuð úr því og þá komið í ljós, að höndin var brotin og eitthvað muni stefnandi hafa marist á brjósti.

Sveinn Jónsson háseti bar í sjóprófi, að þegar slysið varð, hafi hann staðið við gálgann, en stefnandi verið við línuspilið. Sagðist Sveinn hafa séð, að stefnandi ætlaði að hagræða á spilinu, svo að ekki törnaðist, en lent þá í spilinu og höndin snúist með því, en um leið hafi verið kúplað frá uppi í brú. Hafi strax verið hlaupið til og stefnandi losaður úr spilinu og síðan haldið í land.

Hinn 9. maí 1972 var haldið sjóferðapróf vegna slyss þessa í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur. Þar bar stefnandi málsins, að hann hafi verið háseti á skipinu og hafi hann verið það frá því í júní 1971. Er slysið vildi til, hafi skipið verið á loðnuveiðum, en þær veiðar hafi þeir stundað frá áramótum. Skipið sé 217 brúttórúmllestir að stærð, að því er stefnanda minnti. Ekki sagðist stefnandi muna nákvæmlega, hvernig veður hafi verið, þegar slysið vildi til, en það hafi verið sæmilegt.

Stefnandi sagði, að hann hafi staðið við línuspilið, sem sé frammi á dekki. Þeir hafi verið að snurpa og hafi killinn verið dreginn inn á línuspilinu, en kíll þennan segir stefnandi vera í eðli sínu tóg. Stefnandi sagði, að línuspilið standi lóðrétt og hafi efri koppurinn verið notaður til að draga inn kílinn. Tógið kom inn neðst á koppnum og hafi verið notuð 4 brögð utan um

koppinn og einn maður staðið framan við hann og dregið tógið út af koppnum, en annar maður staðið þar fyrir innan og hringað tógið.

Starf stefnanda í umrætt sinn hafi verið að stjórna spilinu, en því sé stjórnað með svokölluðum stjórnventli, sem sé staðsettur aftan og utan við spilið. Stjórnventlinum sé stjórnað með því að snúa hjóli og sé unnt að stilla hraða spilsins með því að snúa hjólinu meira eða minna. Ekki kvaðst stefnandi nákvæmlega geta sagt um það, hversu mikið hann hafði snúið hjólinu í umrætt sinn, en giskaði á svona til 2 til 3 snúninga. Almennt við slíkar aðstæður, sem hér um ræðir, sé ávallt hætta á því að tógið, sem sé að koma inn, fari utan um bragðið á koppnum, einkum þegar slakt sé á tóginu. Í þessu tilviki hafi þó ekki verið um slíkt að ræða, heldur hafi tógið sjálft verið trosnað og þættir í því eða hluti þátta lausir. Hafi borið á því áður við annað tækifæri, að orðið hafi að kippa tóginu undan brögðunum á koppnum. Í því tilviki, sem hér um ræðir, hafi ekki borið á göllum í tóginu fyrr en augnabliki áður en slysið varð. Sagði stefnandi, að hinir trosnuðu endar hefðu verið að koma inn, og kvaðst hafa ætlað að strjúka tógið til að laga það, þannig að það kæmi rétt inn á koppinn og festist ekki. Kvaðst stefnandi þannig hafa ætlað að koma í veg fyrir, að ókláraðist á spilinu. Við þetta verk hafi hann verið með fingravettlinga úr gúmmí.

Stefnandi kvaðst ekki geta skýrt nánar frá málavöxtum að þessu leyti, þar eð það næsta, sem gerðist, var, að litli finger hægri handar fór í spilið og brotnaði, og stefnandi missti meðvitund.

Stefnandi kvaðst hafa verið á spilinu við stjórnun þess, frá því hann byrjaði að vinna á umræddum bát.

Stefnandi sagði, að tógið hefði verið á nóttinni, þegar hann réðst á skipið í júní 1971, eins og að framan er rakið. Báturinn hafi verið á síld sumarið 1971 og svo og um haustið og hafi þá sama tógið verið notað. Ekki hafi heldur verið höfð endaskipti á tóginu frá því stefnandi réðst á skipið. Fyrst hafi farið að bera á trosnum í tóginu eftir áramótin 1971 til 1972. Stefnandi kvaðst ekki hafa kvartað út af tóginu við yfirmenn skipsins, en kvaðst hafa verið farinn að hugsa um að gera það.

Upphaflega hafi verið á stýrishjóli spilsins örvar, sem sýndu, í hvaða stefnu snúa átti hjólinu, en stefnandi sagði, að búið hafi verið að mála yfir þær, og kvaðst ekki hafa skoðað það frekar.

Stefnandi sagðist vera viss um það, að orsaka slyssins væri ekki

að leita til þess, að hann hafi hrasað eða runnið með einhverjum hætti. Mjög auðvelt hafi verið að ná til tógsins úr þeirri stöðu, sem hann var í. Hann hafi ekki þurft að teygja sig neitt með því að tylla sér á tær og hafi hann haldið með vinstri hendinni um hjólið, sem stjórnaði spilinu, og jafnframt náð til tógsins með þeirri hægri.

Stefnandi kvaðst hafa rankað við sér, þegar búið var að taka hann úr spilinu. Hann hafi verið fluttur beint á spítala í Vestmannaeyjum og þaðan á Landspítalann í Reykjavík, en síðan til London á Hammersmith Hospital, þar sem hann hafi verið til rannsóknar og skoðunar.

Á aukadómþingi Norður-Múlasýslu bar Kristján Ólafsson sjómaður, að hann hafi verið 2. stýrimaður á m/b Álftafelli frá því í ársbyrjun 1972 til um það bil 15. maí 1972. Kristján sagðist ekki hafa verið sjónarvottur að því, er stefnandi festist í spilinu í umrætt skipti, vegna þess að hann var frammi á hvalbak að vinna, en leit við og sá, að stefnandi var fastur í spilinu. Starf stefnanda hafi verið að stjórna hraða spilsins, en auk hans hafi tveir menn unnið við að draga af spilinu og hringa tógið. Splæsið á tóginu hafi verið trosnað. Þetta hafi verið venjulegt splæs, en ekki langsplæs. Þetta hafi verið nylontóg. Kristján sagðist ekki vita til þess, að kvartað hafi verið undan vinnubrögðum stefnanda við stjórn spilsins eða hann varaður við vinnuaðferðinni. Skipt hafi verið um tóg strax eftir slysið.

Jón Ólafsson sjómaður bar á aukadómþingi Norður-Múlasýslu, að hann hafi verið háseti á m/b Álftafelli frá því í ársbyrjun 1972 þangað til farið var á net. Hann hafi ekki séð, þegar stefnandi varð fyrir slysi 4. mars 1972, hann hafi þá verið að vinna frammi á hvalbak og séð það fyrst, er verið var að losa stefnanda úr spilinu. Splæs á tóginu hafi verið trosnað, og löfðu endar út. Skipt hafi verið um tóg strax eftir slysið.

Gunnar Róbert Róbertsson sjómaður bar hér fyrir dómi, að hann hafi verið skipverji á m/b Álftafelli frá því í maí 1971 til júní 1972 og hafi hann verið á skipinu, þá er stefnandi varð fyrir slysinu í mars 1972. Gunnar Róbert sagðist hafa staðið rétt hjá stefnanda, þá er hann varð fyrir slysinu, og hafi hann verið að vinna við að hringa tóg niður í tunnu, en stefnandi stjórnaði spilinu. Gunnar Róbert sagðist ekki hafa séð akkúrat, þegar stefnandi lenti í spilinu, en hafa séð, þegar stefnandi snerist í spilinu. Hann mundi ekki, hvort kaðallinn hefði verið splæstur, en mundi að hafa séð, að tógið hafði trosnað á miðjum kíl, og löfðu endar

þar niður. Gunnar Róbert sagðist áður hafa séð stefnanda varna því, að endarnir flæktust í spilinu. En Gunnar Róbert sagðist ekki hafa séð stefnanda gera það, þá er stefnandi lenti í slysinu. Gunnar Róbert sagðist halda, að tógið hafi bara verið trosnað á einum stað, og sagði, að sig minnti, að skipt hefði verið um tóg strax og skipið kom til Vestmannaeyja. Gunnar Róbert sagðist halda, að þeir, sem unnu við spilið, hafi ekki kvartað við skipstjóra eða stýrimann yfir ástandi tógsins. En þeir sjómennirnir hafi verið búnir að tala um ástand tógsins sín á milli inni í borðsal skipsins, og taldi Gunnar Róbert, að einhver þeirra skipstjórans og stýrimannanna tveggja hafi þar heyrt um ástand tógsins.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Atvinnutjón	kr. 1.537.253
2. Miskabætur	— 300.000
Kr. 1.837.253	

Frá þeirri fjárhæð eiga að dragast:

1. Greitt af stefnda	kr. 152.063
2. Frá Tryggingastofnun ríkisins	— 37.041 kr. 189.464
Kr. 1.647.789	

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að bersýnilegt sé, að slys þetta hafi hlotist af því, að tógið var trosnað, en á því beri stefndi fébótaábyrgð.

Við munnlegan málflutning var því jafnframt haldið fram, að vinna við spil væri háskaleg og á því bæri stefndi ábyrgð. Stefnandi hafi enga viðvörun fengið vegna starfs síns við spilið. Skipstjórinn hafi séð til stefnanda, áður en slysið varð, og hafi skipstjóra borið að stöðva spilið eða leiðbeina stefnanda.

Af hálfu stefnda eru sýknukröfur rökstuddar með því, að slys þetta verði ekki rakið til neinna þeirra atvika, er stefndi beri ábyrgð á, heldur verði það alfarið rakið til eigin gáleysis stefnanda og óhappatilviljunar og verði hann því að bera tjón sitt sjálfur.

Í því sambandi er á það bent, að alls sé ósannað, að stefnandi hafi fest í meintum trosnuðum tógendum eða fest í spilinu af þeim sökum, og einnig er því mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að tógið hafi verið trosnað eða orsakasamband sé milli gerðar

og ástands tógsins og slyss stefnanda og sé því ekkert við stefnda að sakast í þessu efni. Ekkert hafi heldur komið fram, er bendi til þess, að slysið verði rakið til mistaka skipverja eða vanbúnaðar skips, og séu skilyrði skaðabótaábyrgðar því engin fyrir hendi. Ljóst sé hins vegar, að stefnandi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og tekið á sig mikla áhættu með því að strjúka tógið og hagræða því á spilkoppnum, meðan spilið var í gangi, sbr. dskj. 4 og 5, en rétt hefði verið og öruggara að stöðva spilið á meðan og hefði þá verið fyrirbyggð, að slys gæti orðið. Stefnandi, sem var vanur sjómaður og stjórnaði sjálfur spilinu með eigin hendi, hafi aftur á móti kosið þann kost, sem augljóslega var hættulegur hverjum manni. Þá er og á það bent, að stefnandi hafi verið sér meðvitandi um meinta trosnun í tógi, sbr. dskj. nr. 5, bls. 3, en kvartaði ekki, en ætla meg, að þá hefði verið skipt um, ef um hættulegan galla hefði verið að ræða, og hefði þá væntanlega minna þurft að hagræða því, en þess þurfti jafnan annað slag, meðan verið var að snurpa og sé þá áhættuminnst að stöðva spilið.

Fram er komið, að stefnandi hafði unnið við stjórn spilsins, sem hann slasaðist við, frá því í júní 1971 og þar til hann varð fyrir slysinu 4. mars 1972.

Stefnandi bar fyrir dómi, að fyrst hefði farið að bera á trosnun í tóginu eftir áramótin 1971/1972, en kvaðst ekki hafa kvartað vegna þess við yfirmenn skipsins.

Almennt mun á loðnuveiðum þurfa að nota splæst tóg, þar sem ein rúlla er ekki nógu löng á þess konar veiðum. Þá er tóg hefur verið splæst, vill það koma fyrir, að einhverjir endar trosna. Samkvæmt framburði Kristjáns Ólafssonar, 2. stýrimanns, var þarna um að ræða nylontóg. Endar úr slíku efni festast ekki í gúmmihönskum, og verður því ekki hinum trosnuðu endum tógsins um það kennt, að litli fingur stefnanda fór í spilið.

Lýsing stefnanda á vinnutilhögun við spil það, sem hann slasaðist við, þá er hann slasaðist, er að áliti hinna sérfróðu meðdómenda eins og best verður á kosið.

Þar sem eigi hefur verið í ljós leitt, að slys það, sem mál þetta er af risið, verði rakið til vanbúnaðar skipsins, mistaka skipstjórans við stjórn þess eða annarra orsaka, sem stefndi ber ábyrgð á, verður niðurstaða málsins sú, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Þorsteinn Gíslason skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Álfafell h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ragnars Vigfússonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 2. júní 1978.

Nr. 155/1977. **Guðrún J. Valgeirsdóttir**

gegn

Víði Finnbogasyni h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðrún J. Valgeirsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 5.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. júní 1978.

Nr. 175/1977. **Matthías Ingibergsson**

gegn

Heiðari Árnasyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Matthías Ingibergsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 5.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.